



# STARFSLEYFI

## Víkurlax

Kt. 510394-2759

Ystuvík

Grýtubakkahreppi

Starfsleyfið gildir fyrir eftirfarandi starfsemi: **Fiskeldi fyrir allt að 20 tonn á ári.**  
**Rekstraraðili er Gunnar Blöndal fyrir Víkurlax, kt. 510394-2759.**

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum..

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt fyrrgreindum lögum. Leyfishafi skal einng hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og meðfylgjandi starfsskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna mengunarvarna fyrir fiskeldi.

**Starfsleyfið** var samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra þann 10. janúar 2007 og **gildir til tólf ára eða til 10. janúar 2019.**

Starfsleyfið er háð því að farið sé eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, m.a. að virkt innra eftirlit sé í fyrirtækinu.

Ef breytingar verða á starfseminni skal hafa samráð um það við heilbrigðiseftirlitið og starfsleyfið þá endurskoðað með tilliti til þess. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfið skal jafnan endurskoðað á fjögurra ára fresti en er auk þess ávallt til endurskoðunar við hverja skoðun heilbrigðiseftirlits á fyrirtækinu.

Akureyri, 15. janúar 2007

*Valdimar Brynjólfsson, framkvæmdastjóri.*